

Nefndarsvið Alþingis
bt. Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21.mars 2018

Umsögn Blaðamannafélags Íslands um:

tillögu til þingsályktunar um endurskoðun XXV. kafla almennra hegningarlaga. 113. mál


(Lagt fyrir Alþingi á 148. löggjafarþingi 2017–2018.)

Stjórn Blaðamannafélags Íslands þakkar allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir að hafa fengið tækifæri til þess að veita umsögn um ofangreint mál.

Stjórn Blaðamannafélags Íslands styður heils hugar ofangreinda þingsályktunartillögu og telur löngu tímabært að taka til endurskoðunar ákvæði laga um ærumeiðingar og og brot gegn friðhelgi einkalífs. Miklu skiptir að ákvæði laga standi ekki í vegi eðlilegrar umræðu í samfélaginu og alltof oft hafa blaðamenn mátt þola að dómstólar hafi með dómum sínum lagt óeðlilegar hömlur á tjáningarfrelsið, eins og dómar Mannréttindadómstólsins sýna ótvírætt á undanförunum árum, því miður.

Óski Allsherjar- og menntamálanefnd eftir frekari rökstuðningi fyrir afstöðu BÍ er fulltrúi félagsins að sjálfsögðu reiðubúinn að koma fyrir nefndina.

Virðingarfyllst,
f.h stjórnar BÍ



Hjálmar Jónsson, formaður BÍ